

Pétur Bjarnason:

Útvarp Víflsstaðir

Hér í SÍBS blaðinu hefur verið fjallað um störf skemmtinefndar á Víflsstöðum í tveimur greinum. Hér á eftir verður fjallað nánar um þátt sem þar kom við sögu, þ.e. útvarpstímar, sem urðu reglulega á dagskrá frá 1943 og fram eftir sjötta áratugnum. Rannveig Löve fjallar um útvarpið í bók sinni, Myndir úr hugskoti sem út kom árið 2000, en Rannveig dvaldi á Víflsstöðum ásamt manni sínum Guðmundi Löve árin 1942-44. Þar segir svo: „*Ekki má gleyma honum Gísla Sigurðssyni úr Garðinum, sem kallaður var Gísli bóndi. Hann átti fjölda barna og hafði misst eiginkonu sína af barnsförum. Upp úr því lenti hann á Víflsstöðum ásamt þó nokkrum barna sinna. Gísli bóndi kom upp útvarpsstöð, eins konar heimilisútvarpi, og útvarpaði afþreyingartónlist, vinsælustu lögunum, bæði gömlum og nýjum. Hann var sjálfur útvarpsstjóri, útsendingarmaður, dagskrárgerðarmaður og þulur og fórst allt vel úr hendi, enda geðgóður maður og glettinn þrátt fyrir erfiða lífeynslu.*” Gísli er einmitt getið í umfjöllun um 10. útvarpstíma hér á eftir

Á fundi í stjórn Sjálfsvarnar á Víflsstöðum 25. janúar 1943 var samþykkt tillaga frá Magnúsi Helgasynti „*áð félagið gengist fyrir útvarpstíma einu sinni í viku og var það samþykkt og honum falið áð sjá um tímana.*“

Föstudaginn 29. janúar hélt Sjálfsvörn fyrsta útvarpstíma sinn. Dagskráin var sem hér segir:

1. Sæmundur Einarsson flutti ávarp
2. Magnús Helgason, upplestur, smásaga
3. Haukur Arnfinnsson, upplestur, smásaga
4. Hörður Þorbergsson, frumsamið efni
5. Gestur Loftsson, upplestur, smásaga
6. Stella Þorfinnsdóttir, einsöngur með gítarundirleik
7. Baldur Böðvarsson, harmonikuleikur

Framhald varð á þessum útvarpsþáttum og fjölbreytni jókst með tímanum. Fljótlega komu tilkynningar inn sem fastur liður. Þá var farið áð leika tónlist af hljómplötum, framhaldssögur voru fluttar og í sjöunda tímanum var flutt leikritið: „*Óboðnir gestir,*“ í 2 þáttum eftir Böðvar Ingvarsson, þar sem sex leikendur og kynnir komu við sögu.

Í næsta þætti skýtur upp dagskrárlið: „*Lesin bréf og þeim svarað.*“ Í tíunda útvarpstíma er á dagskrá: „*Samtöl með hljómplötum. Hörður Þorbergsson og Gísli Sigurðsson fluttu þáttinn.*“ Hér er líklega kominn spjallþáttur líkt því sem nú tíðkast.

Í nóvember 1943 virðist áðiluefni fá inni í útvarpstímum. Þann 19. er erindi á dagskrá sem nefnist: „*Samviskubít þjóðarinnar o.fl.*“ og þann 26. flytur Gestur Loftsson „*erindi um starfsleisi stjórnar „Sjálfsvarnar““ en næsti liður á dagskránni er: „Þórður Benidiktsson gaf skýringu, kvers vegna erindi Gests Loftssonar var leift í útvarpstíman.*“ Ekki verður vart við efni þessarar tegundar um hríð eftir þetta.

Í janúar 1944 hefst útvarpsárið á annáli fyrra árs

Útvarpssaga er lesin í útvarpið í maí 1944, flutt af fimm lesurum. Útvarpað er í „*síðari legutíma*“ og fyrir valinu varð sagan „Spítalalíf“, eftir J. Harpole í þýðingu Gunnlaugs Claessen. Í júní var „*Hreinlætisvika með útvarpi Sjálfsvarnar*“ kynnt með ávarpi, þar sem fjallað var um skyldur sem yfirvöld hælisinga hefðu og hvatt til samstarfs sjúklinga við þau. Umhverfið var svo hreinsað og tekið til innanhúss. Áhersla var lögð á að sjúklingar gættu hreinlætis við reykingar og nýir öskubakkar settir víða. Þá var hreinsað allt rusl, sem óprýddi umhverfið, „og var því keyrt norður í „*helvíti*“ [og] *jafnað um*“. Útvarpið tók þátt í þessari viku með útsendingum á fræðslu- og skemmiefni ásamt hvatningum og síðan þökkum fyrir velheppnað átak. Í fundargerðum Sjálfsvarnar frá þessum tíma kemur fram að átakið var liður í undirbúningi fyrir stofnun lýðveldis og hátíðahöld vegna þess.

Yfir sumartímann eru yfirleitt ekki bókaðar útsendingar en í október 1944 er útvarpað úr dagstofunni, þar sem fluttar voru skýrslur um starfsemi Sjálfsvarnar á Vífilstöðum ásamt stefnuskrá. Útvarpskvöld voru um tvö í mánuði fram til áramóta. Þann 10. nóvember er eftirfarandi bókun: „*Geta skal þess að fengin voru að láni tæki til að útvarpa og var ekki stuðst við þau tæki sem Sjálfsvörn á. Eiríkur Hagan og Hjörtþór Ágústsson lánuðu tækin og önnuðust útsendinguna., og var það rómur allra að aldrei hefði verið eins gott lag á útsendingunni.*“

Útvarpssagan „Hið ljósa man“ eftir Halldór Kiljan Laxness var lesin daglega frá miðjum desember og fram í janúar og þess er getið að framhaldssögulestur sé vinsælt efni í útvarpsstarfseminni.

Stjórn Sjálfsvarnar á Vífilstöðum hafði jafnframt útvarpsráð frá upphafi. Á fundi stjórnar 30. janúar 1945 er rætt „*um útvarpsstarfsemina og þá ýmsu örðugleika sem eru á því að viðhalda útvarpstímunum.*“ Starfsemin virðist þó hafa gengið allvel áfram.

11. júlí sama ár er brotið blað í útvarpsmálum. Þá er haldin útikvöldvaka á „*krocketvellinum*“ Alls mættu um 100 manns enda veður sérstaklega gott og skemmtidagskránni, sem var fjölbreytt og stóð í hálfa aðra klukkustund, var útvarpað um hælið. Ekki er getið um að áður hafi verið útvarpað efni frá útidagskrá.

Á stjórnarfundum 23. október 1945 var skipað útvarpsráð á hverri deild og skyldi hvert ráð afla efnis í útvarpstíma eftir nánari skiptingu, auk þess sem Sjálfsvörn myndi einnig sjá um útvarpstíma. Skipuð voru ráð fyrir: Efstu hæð, miðhæð, barnadeild og „Eilífðina“. Fjórir af tólf skipuðum ráðsmönnum báðust undan því og voru aðrir skipaðir í þeirra stað.

Af bókunum er svo að sjá að þessi skipan mála hafi gengið eftir og gefist allvel. Stofnað er til sérstakrar gerðabókar um útvarpsstarfsemina með skráningu á útsendingu 29. október 1945, en áður voru útvarpstímar færðir í fundargerðabækur Sjálfsvarnar. Útvarpsstarfsemin á Vífilstöðum er nú komin í nokkuð fast form og henni er haldið áfram næstu árin með svipuðu sniði og hafði verið áður.

Í þessa nýju gerðabók eru skráðar 142 útsendingar en þar að auki eru útvarpsögur, sem oft eru lesnar daglega auk fastra dagskrártíma. Síðasta færsla í bókina er föstudaginn 15. febrúar, 1952. Það er Kvennagangur á II. hæð sem hefur umsjón með þeim tíma, þulur er Sína og á dagskrá eru smásögur, kvæði, gamanvísur og hljómplötur milli atriða. Sem sagt dagskráin var

hefðbundin frá því sem var lengst af. Ekki er ástæða til að geta sérstaklega um dagskrárliði á þessum árum, þeim svipar mjög til þess sem að framan er getið.

Þó hér ljúki bókunum virðist útvarpsstarfsemi hafa haldið áfram, skipaður er nýr útvarpsstjóri fyrir karlagang á efstu hæð daginn eftir síðustu bókun og á næsta ári er skipað í „útvarpsnefndir“.

Nú fara ný lyf og árangur í baráttunni við berklana að segja til sín í félagslífi sjúklinga á Vífilstöðum. Á aðalfundi 27. okt. 1955 er m.a. haft eftir formanninum: „*Lýsti hann því hve allar þessar nefndir yrðu fljótt fáliðaðar nú orðið, sem stafaði af því að nú dveldi allur þorri sjúklinga miklu skemur á hælínu en áður fyrr.*“

Í árslok 1955 eru útvarpsnefndir ein fyrir hverja hæð í stað deilda áður, en formenn nefndanna mynda útvarpsráð. Um þetta leyti var keypt segulbandstæki, sem var kynnt í útvarpinu og þótti mikill kostagripur. Eftir áramót fékkst svo herbergi á rishæð í austurenda hússins sem var ætlað fyrir „... *útvarpsstarfsemi fél. segulbandstæki o.fl., hluta bókasafnsins og annað sem stjórn Sjálfsvarnar [telur] þar betur komið og heppilegt þar að hafa.*“ Enn breyttist fyrirkomulag í nóvember 1956. Þá er hætt að kjósa í nefndir en einungis kjörið þriggja manna útvarpsráð, þar sem fyrri fyrirkomulag skilaði misjöfnum árangri að mati fundarmanna. Ekki er ljóst af fundargerðabókum hvenær útvarpsstarfsemi lagðist af en ekki er að sjá af fundargerðabókum að kosið hafi verið í útvarpsráð eftir þetta.

Hér hefur verið stiklað á stóru um einn þátt af mörgum í félags- og menningarlífi sjúklinga á Vífilstöðum, sem margir hverjir dvöldust þar árum saman, hin síðustu í ævi margra þeirra. Áður hefur verið fjallað um starf skemmtinefndar sem starfaði á hælínu með miklum blóma áratugum saman. Af þessum heimildum, svo og gerðabókum Sjálfsbjargar á Vífilstöðum, er ljóst að fólk hefur ekki setið auðum höndum, þó syrti í álinn á meðan berklaveikifaraldurinn stóð sem hæst, heldur gert sér far um að halda uppi sem fjölbreyttustu mannlífi og notið til þess stuðnings margra mætra manna og kvenna.

Heimildir: *Fundargerðabækur Sjálfsvarnar á Vífilstöðum 1940-1958, Útvarpsstarfsemi Sjálfsvarnar á Vífilstöðum 1944-1952 og bók Rannveigar Löve, Myndir úr hugskoti, Reykjavík, 2000.*